

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 3. febrúar 2020
UST201905-100/H.E.
08.14.02

Efni: Lokunareftirlit, 3.12.2019, á aflagðan urðunarstað Sorpbrennslu Funa að Klofningi.

Þann 3. desember sl. fór fram eftirlit á aflagðan urðunarstað Sorpbrennslu Funa að Klofningi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir þinglýstum fyrirmælum um frágang og vöktun frá 15. nóvember 2012.

Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu og þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Ekki hefur verið staðið skil á skráningum og mælingum. Gögnum sem skilað var 2018 voru eingöngu niðurstöður á samsetningu grunnvatns en tóku ekki til yfirborðsvatns, breytinga á umfangi né veðurfarsupplýsinga. Þá hafa niðurstöður skráninga árunum 2014-2018 ekki verið skilað til stofnunarinnar.
2. Gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Mælingar á aflagða urðunarstaðnum hafa ekki verið framkvæmdar í samræmi við mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun. Einungis niðurstöðum mælinga á tveimur grunnvatnsbrunnum var skilað árið 2018 og engar mælingar liggja fyrir frá árunum 2014-2018. Engar mælingar voru gerðar árið 2019.
3. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Í skoðunarferð sást úrgangur standa upp úr haugnum á stöku stað sem gefur til kynna að yfirborðsfrágangur sé ekki nægjanlegur alls staðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. febrúar 2020.



Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllst



Huldu Soffia Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæði

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpbrennsla Funa - Klofningur urðun við Klofning

Dags eftirlits	3.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpbrennsla Funa - Klofningur	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hafnarstræti 1	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	1234567899	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ralf Trylla	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	294752,072 625834,756

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit til að taka út frágang urðunarstaðar Funa í Klofningi við Flateyri.

Starfsleyfi Sorpbrennslunnar var fellt úr gildi árið 2011 og í kjölfarið voru gefin út fyrirmæli um frágang og vöktun sem tóku gildi 15. nóvember 2012. Í eftirlitinu komu fram þrjú frávik frá fyrirmælum um frágang og vöktun.

Þá var tveimur ábendingum komið á framfæri

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Frágangur í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun sjá viðhengi.
 - Gagnaskil í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun
 - Vöktunarmælingar í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun
- a. Byrjað var á skoðunarferð um urðunarstaðinn. Á vesturenda urðunarstaðarins var efnistökusvæði um ummerki þess enn til staðar. Búið er að hylja urðunarsvæðið að mestu en enn stóð plast og málmar upp úr yfirborðinu á stöku stað sem gefur til kynna að bæta þurfi yfirborðslagið. Sýnatökubrunnar fyrir grunnvatn voru skoðaðir.
- b. Á fundi var farið yfir gagnaskil skv. fyrirmælum um frágang og vöktun. Mikilvægt er að skráningunum sé skilað í samræmi við gr. 1.7 í einni heildstæðri skýrslu og vel sé gert grein fyrir sýnatökuaðferðum og aðstæðum við sýnatökurnar. Þá skal taka veðurfarsupplýsingar saman í samræmi við ákvæði fyrirmælanna.
- c. Vöktunarmælingar á grunnvatni voru gerðar 2013, 2015 og 2018 og voru niðurstöðurnar sendar Umhverfisstofnun í kjölfarið. Ekki voru gerðar mælingar á yfirborðsvatni 2018 en skv mælingaraðíllanum (Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða) var mikil þurkatið var þegar sýnatakan fór fram og því lítið sem ekkert rennandi vatn á yfirborði. Þá hafa ekki verðar gerðar mælingar á breytingum á umfangi né stöðu grunnvatns í samræmi við fyrirmælin.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun

EKKI hefur verið staðið skil á skráningum og mælingum. Gögnum sem skilað var 2018 voru eingöngu niðurstöður á samsetningu grunnvatns en tóku ekki til yfirborðsvatns, breytinga á umfangi né veðurfarsupplýsinga. Þá hafa niðurstöður skráninga árunum 2014-2018 ekki verið skilað til stofnunarinnar.

Grein 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Mælingar á aflagða urðunarstaðnum hafa ekki verið framkvæmdar í samræmi við mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun. Einungis niðurstöðum mælinga á tveimur grunnvatnsbrunnum var skilað árið 2018 og engar mælingar liggja fyrir frá árunum 2014-2018. Engar mælingar voru gerðar árið 2019.

Grein 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun.

Í skoðunarferð sást úrgangur standa uppúr haugnum á stöku stað sem gefur til kynna að yfirborðsfrágangur sé ekki nægjanlegur allstaðar.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var ekki með tiltæka lokunaráætlun sem lögð var fram til grundvallar fyrirmæla um frágang og vöktun þegar eftirlitið fór fram. Umhverfisstofnun óskar eftir að fá lokunaráætlunina senda á ust@ust.is.

Í eftirlitnu var rætt um mikilvægi þess að taka niðurstöður skráninga saman á skilvirkan hátt í eina samræmda skýrslu. Skýrslan er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar hverju sinni.

ANNAÐ

Anton Helgason og Hlynur Reynisson frá Heilbrigðiseftirliti vestfjarða voru viðstaddir eftirlitið

Reykjavík, 31.01.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

bls. 4